

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Eigendur katta í Sveitarfélaginu Árborg skulu greiða bæjarsjóði skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.000.

Fyrir hverja handsömun skráðs kattar, sem er á flækingi og veldur ónæði skal eigandi hans greiða kr. 1.500 til að fá köttinn afhentan aftur. Ef eigandi gefur sig ekki fram innan 7 sólarhringa og greiðir handsömunargjaldið og annan áfallinn kostnað er heimilt að aflifa köttinn, sbr. 8. gr. í samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1209/2005.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með vísan í samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Árborg, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 11. janúar 2006.

Bæjarstjórinn í Sveitarfélaginu Árborg, 13. janúar 2006.

Einar Njálsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2006